

Fjármálaeftirlitið  
bt. Páls Gunnars Pálssonar / Hannesar J. Hafstein  
Suðurlandsbraut 32  
108 Reykjavík

Reykjavík 9 desember 2002

Efni: Umsókn Samson eignarhaldsfélags ehf. skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði.

---

Með vísan til bréfs Fjármálaeftirlitsins, dags. 25. nóvember sl., er hér með leitast við að svara þeim spurningum, sem FME setti framí því bréfi. Spurningunum verður svarað í þeirri röð er þær voru settar fram í tilvitnuðu bréfi.

#### ***1. töluliður 4. mgr. 10. gr., Nafn og heimili umsækjanda.***

Ekki eru uppi áform um aðra starfsemi Samson en að fara með eignarhald í Landsbankanum. Ef eftir því yrði óskað væri Samson tilbúið til að takmarka tilgang og starfsemi félagsins við að sinna eignarhaldi í Landsbanka.

#### ***4. töluliður 4. mgr. 10. gr., Áform um fyrirhugaðar breytingar á verkefnum viðskiptabanka.***

Stefna Landsbankans í dag er að “*vera besta íslenska fjármálfyrirtækið sem veitir viðskiptavinum sínum trausta og framúrskarandi þjónustu í alþjóðlegu umhverfi:*” Samson hyggst ekki gera breytingar á þessari stefnu bankans, en mun þó bæta við “*Landsbanki Íslands hf. stefnir að því að hámarka arðsemi eigin fjár og vera áhugaverður fjárfestingarkostur.*” Það er mat Samson að þessi þáttur sé lykill í því að bankinn geti til lengri tíma verið samkeppnisfær í því starfsumhverfi sem hann starfar við.

Stórir bankar fá betri lánskjör en smáir og því er mikilvægt fyrir Landsbankann að leggja aukna áherslu á vöxt, bæði innri vöxt og ytri vöxt, þar sem stærðarhagkvæmni er einn af veigamestu þáttum í starfsemi fjármálastofnana. Hvað innri vöxt varðar hefur Samson ekki í hyggju gera breytingar á áformum bankans um vöxt útlána heldur verður fremur um áherslubreytingar að ræða í starfsemi bankans á þann hátt að áhersla

verður lögð á að auka vægi fyrirtækjajónustu. Ein af megin áherslum Samson hvað varðar innri starfsemi verður að bæta gæði útláanasafns Landsbankans með því að stuðla að virkara útlánaferli og betra áhættueftirliti. Aukin áhersla á þessa þætti styður við það markmið Samson að auka arðsemi bankans til lengri tíma.

Hluti af þeim aðgerðum sem Samson mun horfa til felast í að stækka bankann með ytri vexti og verður í þeim tilgangi horft á innlendar fjármálastofnanir auk erlendra með mögulegan samruna eða yfirtökur í huga. Hvor leiðin sem verður farin er gert ráð fyrir að hlutur kjölfestufjárfestis í bankanum minnki hlutfallslega þar sem stærri eining hefur slíkt í för með sér. Landsbanki Íslands hf. hefur góða reynslu af kaupum á erlendum banka, Heritable Bank í Englandi, og mun Samson beita sér fyrir að bankaráð leggi frekari áherslu á vöxt á erlendum mörkuðum. Sérstaklega verður horft til frekari uppybyggingar í London þar sem öflugustu fjármálamarkaðir Evrópu eru staðsettir. Hér er ekki um breytingar á hugmyndum bankaráðs Landsbankans að ræða þar sem bankastjóri Heritable Bank lýsti því nýlega yfir í blaðaviðtali að hann væri að leita fjárfestingartækifæra í London. Þannig fara markmið Samson um vöxt saman við markmið forráðamanna bankans og bankaráðs og því ekki um breytingu að ræða á núverandi áformum bankans.

Samson hefur ekki leitað til aðila um samstarf og er ekki gert ráð fyrir að svo verði með beinum hætti heldur með stuðningi við stjórnendur bankans og bankaráð.

Ekki eru til staðar í dag nein áform hjá Samson um beinar breytingar á verkefnum Landsbankans. Áform eru þó uppi um áherslubreytingar sem miða að því að bankinn setji sér metnaðarfyllri markmið en eru til staðar í dag. Samson hefur kynnt sér núverandi arðsemismarkmið bankans og hyggst hækka markmið um arðsemi eigin fjár. Stefnt er að því að ná því fram með aukinni hagræðingu, betri gæðum útlána og áherslu á vöxt á erlendum mörkuðum. Ekki er um að ræða breytingar á markmiðum bankans um eiginfjárlutfall eða útlánavöxt.

Framtíðarsýn er í eðli sínu síbreytilegur þáttur sem mótaður er af ytra umhverfi hverju sinni. Grunnþáttur í hugmyndum Samson munu hins vegar að öllum líkindum ekki breytast, en það er að Samson mun leggja megináherslu á vöxt, hvort heldur er með samruna, yfirtöku eða aukinni áherslu á fyrirtækjajónustu. Eingöngu þannig er að mati Samson hægt að ná fram hagræðingu á fjármagnsmarkaði og bjóða betri og ódýrari þjónustu íslensku efnahagslífi til góða.

##### **5. töluliður 4. mgr. 10. gr., fjármögnun fjárfestingarinnar.**

Samson hefur undanfarið rætt við lánastofnanir vegna fjármögnunar á hlutabréfum í Landsbankanum. Viðræður ganga vel og eru þegar fyrilliggjandi þrjú tilboð. Ástæða þess að ekki hefur verið unnt að ganga til samninga við einn aðila er að mögulegir fjármögnunaraðilar hafa gert fyrirvara um að áreiðanleikakönnun verði lokið áður en lengra verður haldið í viðræðum um fjármögnun. Sá dráttur sem hefur orðið á könnuninni hefur þannig tafið viðræður.

Samson gerir sér grein fyrir að Fjármálaeftirlitið getur ekki fallist á umsóknina fyrir en fyrilliggjandi sé staðfesting á fjármögnun á kaupunum. Hins vegar er óskað eftir

að öll önnur atriði verði fullkönnuð þannig að eingöngu fjármögnunarþáttur sé skilin eftir að svo stöddu.

Varðandi fjármögnun á 12,5% af viðbótarhlutafé er gert ráð fyrir að sú fjárhæð verði greidd í reiðufé á umsömdum degi. Aðilar tengdir eigendum Samson hafa ekki gert upp við sig hvort leitað verði eftir ytri fjármögnun eða að þessi hluti verði einfaldlega greiddur með eiginfjárframlagi. Við sölu félaga í eigu eigenda Samson á hlutafé í rússnesku bjórverskmiðjunni Bravo til Heineken S.A. í febrúar sl. var hluti kaupverðs, \$32.480.000, greiddur inn á biðreikning hjá ABN Amro Bank N.V. í London. Sá biðreikningur verður laus til útgreiðslu í ágúst árið 2003 og er gert ráð fyrir að þessir fjármunir verði notaðir til að greiða fyrir viðbótarhlutaféð. Ekkert hefur komið upp sem gefur tilefni til annars en að reikningurinn verði að fullu laus til útgreiðslu í lok tímabilsins.

#### *7. töluliður 4. mgr. 10. gr., fyrirhuguð viðskiptatengsl umsækjanda við viðskiptabanka.*

Gert er ráð fyrir að Björgólfur Guðmundsson muni bjóða sig fram til setu í bankaráðinu á næsta hluthafafundi í kjölfar kaupanna. Það hverjur muni skipa bankaráð kemur annars í hlut hluthafafundar bankans að taka ákvörðun um.

Ekki er um neina fjármögnun að ræða til handa Samson af hálfu Landsbankans í dag. Meðfylgjandi er yfirlýsing frá bankanum um viðskiptatengsl við þau félög sem tengjast eigendum Samson, merkt fskj. nr. L. Ef þörf er á frekari gögnum þar um er bent á Hauk Þór Haraldsson, framkvæmdastjóra rekstrarsviðs Landsbankans.

Gert er ráð fyrir að um aukin viðskipti verði að ræða milli aðstandenda Samson og Landsbankans enda líta þeir svo á að það sé skylda þeirra að reyna að styrkja starfsemi bankans á nokkrum sviðum. Þannig munu þeir líklega notast við verðbréfamiðlun Landsbankans í stað annarra banka til þessa og einnig kann hluti af eignum þeirra vera ráðstafað til eignastýringar bankans. Meginþungi verður þó lagður á að kynna starfsmenn bankans fyrir þeim aðilum sem Samson hefur verið í viðskiptum við til þessa og þannig reynt að styrkja erlenda starfsemi hans, án þess að Samson þurfi að hafa bein afskipti þar af.

Ekkert félag eigenda Samson er eigandi að hlutabréfum í Landsbankanum.

Landsbanki Íslands mun ekki teljast dótturfélag Samson, enda nær eignarhlutur félagsins og tengdra aðila ekki yfir 50% eignarhlut í bankanum og eiga ákvæði 19. gr. laga nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, því ekki við. Ekki er stefnt að því að Samson eða tengdir aðilar eignist meira en 50% eignarhlut. Líklegra er að eignarhluturinn minnki samfara vexti í starfsemi bankans.

#### *11. töluliður 4. mgr. 10. gr., Nán tengsl umsækjanda við aðra lögaðila.*

Vísað er upptalningar í bréfi mínu til FME, dags. 12. nóvember 2002, undir 9. tölulið í því bréfi. Hér með fylgir nánari upptalning á þeim lögaðilum, sem um ræðir.

1. **Archway Holding Ltd.**, Appollo Court, 1st. Floor Office 103, 232 Makarios Avenue, P.O. Box 3505, 3303 Limasol, Kýpur, kt. 540599-9049, er eignarhaldsfélag í eigu Björgólfss Thors Björgólfssonar. Enginn annar rekstur er hjá féluginu og ársreikningar ekki til staðar.
2. **Verona Holding Ltd.**, Akara Blgd., 24 Castro Street, Wickams Cay 1, Road Town, Tortola, British Virgin Islands, er eignarhaldsfélag í eigu Björgólfss Thors Björgólfssonar. Enginn annar rekstur er hjá féluginu og ársreikningar ekki til staðar.
3. **Amber International Ltd.**, 7 New Street, St. Peter Port, Guernsey, kt. 650699-9429, er eignarhaldsfélag í eigu Björgólfss Thors Björgólfssonar og Björgólfss Guðmundssonar. Félagið er eigandi að hlutabréfum í Pharmaco hf.
4. **Nýja Bókafélagið ehf.**, Suðurlandsbraut 12, 108 Reykjavík, kt. 550499-2239, er að hluta í eigu Björgólfss Guðmundssonar. Meðfylgjandi er úrdráttur úr ársreikningi félagsins árið 2000 ásamt úrdrátti úr hlutafélagaskrá, merktur fskj. nr. M. Tilgangur félagsins er útgáfustarfsemi, rekstur fasteigna og lánastarfsemi. Eiginleg starfsemi fer ekki lengur fram í féluginu.
5. **Pjóðsaga ehf.**, Suðurlandsbraut 12, 108 Reykjavík, kt. 640293-2179, er að hluta í eigu Björgólfss Guðmundssonar. Meðfylgjandi er úrdráttur úr ársreikningi félagsins árið 2000, merkt fskj. nr. N. Markmið félagsins er útgáfustarfsemi, inn- og útflutningur, verslunarstarfsemi, umboðsstarfsemi, rekstur fasteigna og lánastarfsemi. Eiginleg starfsemi fer ekki lengur fram í féluginu.
6. **Ólafsfell ehf.**, Suðurlandsbraut 12, 108 Reykjavík, kt. 520570-1019, er í eigu Björgólfss Guðmundssonar. Meðfylgjandi er úrdráttur úr ársreikningi félagsins árið 2001, merkt fskj. nr. O. Starfsemi félagsins felst í dag í utanumhaldi á eignarhlut í Eddu útgáfu hf. og Hansa ehf. Sjá nánari upplýsingar að neðan.
7. **Hansa ehf.**, Suðurlandsbraut 12, 108 Reykjavík, kt. 560793-2099, er í eigu Ólafsfells ehf. Meðfylgjandi er ársreikningur félagsins árið 2001, merkt sem fskj .nr. Ó. Tilgangur félagsins er ráðgjafþjónusta, inn- og útflutningur á vörum og þjónustu, fasteignarekstur, lánastarfsemi og önnur tengd starfsemi.
8. **Bell Global Investments Ltd.**, Appollo Court, 1st. Floor Office 103, 232 Makarios Avenue, P.O. Box 3505, 3303 Limasol, Kýpur, kt. 681298-9089, er eignarhaldsfélag í eigu Björgólfss Guðmundssonar. Engin eiginleg starfsemi er hjá féluginu og ársreikningar ekki til staðar.
9. **Mirol Investments Ltd.**, Appollo Court, 1st. Floor Office 103, 232 Makarios Avenue, P.O. Box 3505, 3303 Limasol, Kýpur, er eignarhaldsfélag í eigu Magnúsar Þorsteinssonar. Engin eiginleg starfsemi er hjá féluginu og ársreikningar ekki til staðar.
10. **Pilot Investments Ltd.**, Akara Blgd., 24 Castro Street, Wickams Cay 1, Road Town, Tortola, British Virgin Islands, er í eigu Magnúsar Þorsteinssonar. Engin eiginleg starfsemi er hjá féluginu, enda nýstofnað utan um fjárfestingu í Flugfélaginu Atlanta hf. og ársreikningar ekki til staðar, enda kveða lög ekki um að ársreikningur sé gerður.

**11. Flugfélagið Atlanta hf.**, Álafossvegi, 270 Mosfellsbær, kt. 660288-1049, er að hluta til í eigu Pilot Investments Ltd. Meðfylgjandi er ársreikningur félagsins fyrir árið 2001, merkt fskj. nr. P.

**12. Huge Holdings Ltd.**, 16 Kyriakos Matsis Avenue, Eagle House, 10th floor, Ayioi Omolyites, 1082 Limassol, Kýpur er eignarhaldsfélag í eigu Bell Global Investments Ltd. og Archway Holding Ltd. Engin eiginleg starfsemi er hjá féluginu og ársreikningar ekki til staðar.

**13. Depill ehf.**, kt. 450302-2790, er að hluta í eigu Magnúsar Þorsteinssonar. Félagið var stofnað í mars á þessu ári. Tilgangur félagsins er húsbýggingar og verktakastarfsemi og skyldur rekstur.

**14. Selhraun ehf.**, kt. 560191-1119, er að hluta í eigu Magnúsar Þorsteinssonar. Tilgangur félagsins er inn og útflutningur, heildsala og iðnrekstur. Meðfylgjandi er afrit af ársreikningi félagsins fyrir árið 2001, merkt fskj. nr. Q.

**15. Íslenska sjónvarpsfélagið hf.**, kt. 640593-2029, Björgólfur Guðmundsson var stjórnarmaður í féluginu en ekki eigandi. Hansa ehf. á óverulegan hlut í féluginu, eða 1,76%. Meðfylgjandi er útprentun úr hlutafélagskrá merkt fskj. nr. R.

**16. Pharmaco hf.**, Suðurlandsbraut 12, 108 Reykjavík, kt. 500269-7319, er almenningshlutafélag skráð í Kauphöll Íslands. Amber International Ltd. er stærsti hluthafi í féluginu, auk þess sem félög tengd Magnúsi Þorsteinssyni fara með stóran eignarhlut. Nánari upplýsingar er að finna í gögnum frá Bunadarbanki Luxemburg S.A. og KPMG endurskoðun hf., sem fylgdu með bréfi mínu, dags. 12. nóvember 2002. Meðfylgjandi er ársrhlutareikningur Pharmaco samstæðunnar frá því í september 2002, merkt sem fskj. nr. S.

**17. Edda miðlun og útgáfa hf.**, Suðurlandsbraut 12, 108 Reykjavík, kt. 710800-3590, er að hluta til í eigu Ólafsfells ehf. Meðfylgjandi er ársreikningur árið 2001, ásamt útprentun úr hlutafélagaskrá, merkt fskj. nr. T. Ólafsfell ehf. keypti nýtt hlutafé í Eddu útgáfu hf. í maí 2002 og þar af leiðandi gefur ársreikningur félagsins ekki rétta mynd af stöðu félagsins í dag.

***12. töluliður 4. mgr. 10. gr., Aðar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið fer fram á að umsækjandi veiti og máli skipta við mat á hæfi eigenda virkra eignarhlut.***

Spurt er um sjónarmið umsækjanda varðandi ásakanir þær sem Ingimar Haukur Ingimarsson arkitekt, hefur sett fram varðandi viðskiptadeildu milli aðila í Rússlandi fyrir u.p.b. 8 árum síðan. Lögmanni umsækjanda var veittur aðgangur að bréfi sem Ingimar Haukur sendi Fjármálaeftirlitinu þann 13. nóvember sl.

**Aðstandendur Samson vísa á bug, nú sem áður, fullyrðingum þeim sem fram koma í framangreindu bréfi sem ósönum og ærumeiðandi.**

Samson vísar til yfirlýsingar frá féluginu sem birtist í m.a. í Morgunblaðinu þann 15. nóvember 2002 sem fjallar um deiluna vegna Baltic Bottling Plant Ltd. frá sjónarholi

aðstandanda félagsins. Því til viðbótar fylgir afrit af skýrslu rannsóknarnefndar sem skipuð var nokkrum fulltrúum þekktra lögmannstofa í St. Pétursborg á haustmánuðum 1995 og fjallar um þátttöku og viðskilnað Baltic Group Ltd. ( Ingimars Hauks Ingimarssonar ) í féluginu Baltic Bottling Plant Ltd. Þessi tvö skjöl fylgja hér með merkt sem fskj. nr. U.

*Upplýsingar skv. 5 mgr. 10.gr. um stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og þá sem eiga virkan eignarhlut í umsækjanda.*

**Björgólfur Thor Björgólfsson** er fæddur í Reykjavík 1967. Hann varð stúdent frá Verslunarskóla Íslands 1987 og útskrifaðist í fjármálafræðum frá New York University í Bandaríkjum árið 1991. Eftir nám starfaði Björgólfur um skeið hjá Oppenheimer fyrirtækinu í New York. Á Íslandi starfaði Björgólfur Thor sem markaðs og sölustjóri Viking Brugg hf. Í framhaldi af því fór hann til starfa í Rússlandi á vegum Viking Brugg, fyrst sem sölu og markaðsstjóri Baltic Bottling Plant Ltd. og síðar sem framkvæmdastjóri félagsins. Árið 1996 stofnaði hann ásamt Magnúsi Þorsteinssyni og Björgólfí Guðmundssyni Bravo International Ltd. og hefur verið starfandi stjórnarformaður þess félags til dagsins í dag. Bravo International Ltd. var meirihluta eigandi rússnesku björverksmiðjunnar Bravo þar til hún var sold Heineken í febrúar 2002. Björgólfur Thor er enn starfandi stjórnarformaður verksmiðjunnar, sem nú heitir Heineken Russia. Árið 1999 fjárfesti Björgólfur Thor ásamt Björgólfí Guðmundssyni í Pharmaco hf. samsara kaupum á búlgörsku lyfjaverksmiðunni Balkanpharma. Björgólfur Thor er í dag stjórnarformaður Pharmaco hf. sem undir hans stjórn hefur vaxið í að vera eitt stærsta fyrirtækið á Íslandi og eitt stærsta fyrirtæki sinnar tegundar í Evrópu.

Björgólfur Thor er ræðismaður Íslands í St. Pétursborg.

**Magnús Þorsteinsson** er fæddur árið 1961. Eftir próf frá Samvinnuskólanum starfaði Magnús um skeið á skrifstofu SÍS í London en eftir heimkomuna vann hann á skrifstofu Kaupfélags Héraðsbúa. Í framhaldinu tók Magnús við starfi framkvæmdastjóra Viking Brugg hf. á Akureyri og var í framhaldi af því ráðinn framkvæmdastjóri Baltic Bottling Plant Ltd. í St. Pétursborg árið 1993. Magnús var ásamt þeim Björgólfí Guðmundssyni og Björgólfí Thor stofnandi Bravo Group árið 1996 og hafði með tæknilega framkvæmdastjórn í uppbyggingu Bravo verksmiðjanna í Rússlandi að gera. Eins og að framan segir var verksmiðjan sold Heineken fyrir á þessu ári og situr Magnús sem stjórnarmaður fyrirtækisins ( Heineken Russia ) ásamt Björgólfí Thor. Magnús er stór hluthafi í Pharmaco hf auk þess sem nýverið keypti hann ásamt fjárfestum meirihlutann í flugféluginu Atlanta hf. og hefur nú sest þar í stjórn. Magnús er vararæðismaður Íslands í St. Pérborg.

**Björgólfur Guðmundsson** er fæddur í Reykjavík 1941. Stúdent frá Verslunarskóla Íslands. Árið 1965 stofnaði hann Dósagerðina hf. og var framkvæmdastjóri þess fyrirtækis til ársins 1977. Á árunum 1977 til 1985 var hann framkvæmdastjóri Hafskipa hf., auk þess sem hann sat í stjórnnum ýmissa dótturfyrirtækja Hafskipa hf. í Bandaríkjum og Evrópu. Árið 1978 gerðist hann einn af stofnendum Japis hf. og sat í stjórn þess fyrirtækis til ársins 1981. Á árinu 1983 gerðist hann einn af stofnendum Reykvískrar endurtryggingar hf. og sat í stjórn þess fyrirtækis. Á árunum 1987 til 1991 starfaði hann sem ráðgjafi fyrir AMA Shipping Ltd. í London, auk þess sem hann rak fyrirtækið Icestar A/S í Danmörku. Hann var framkvæmdastjóri

gosdrykkjafyrirtækja Pharmaco hf. á árunum 1991 til 1993. Árið 1993 stofnaði hann Viking Brugg hf, í Reykjavík og hefur frá því árið verið framkvæmdastjóri þess fyrirtækis. Nafni þess var breytt í Hansa ehf. á árinu 1995. Á árunum 1993 til 1996 var hann stjórnarmaður í Baltic Bottling Plant Ltd. í St. Péturborg í Rússlandi. Björgólfur sat í stjórn Bravo International Ltd. og Bravo Holdings Ltd. Á árunum 1997 til 2002. Hann hefur verið stjórnarformaður Þjóðsögu ehf. frá árinu 1997. Árið 1998 stofnaði hann Nýja bókafélagið ehf. og er stjórnarformaður þess. Árið 1998 stofnaði hann eignarhaldsfélagið Amber International Ltd. á Guernsey. Hann hefur setið í stjórn Pharmaco hf. frá árinu 1999 og í stjórn Balkanpharma í Sofia í Búlgariú frá árinu 1999. Þá er hann aðaleigandi Eddu miðlunar og útgáfu hf. frá árinu 2002. Björgólfur hefur starfað mikið fyrir fótboltafélagið KR.

Þeir þremenningarnir eiga það sammerkt að hafa unnið með mörgum af stærri fjármálastofnunum í heimi í kringum uppbyggingu á verkefnum undanfarinna ára. Hér er m.a. um að ræða EBRD, Deutsche Bank, Merrill Lynch, Goldman Sachs, Capital Research & Management ofl. Uppbygging fyrirtækjanna Bravo og Pharmaco undir þeirra forstu hefur gengið gríðarlega vel og vakið eftirtekt víða um heim. Sala Bravo til Heineken fyrr á þessu ári fyrir um 400 milljónir US \$ vakti heimsathygli, enda um eina stærstu fyrirtækjasölu síðari ára að ræða í Rússlandi og mikil viðurkennung fyrir uppbyggingarstarf þremenninganna. Að uppbyggingu þess félags komu mörg af framangreindum fjármálaufyrirtækjum. Á sama hátt vöxtur og uppgangur Pharmaco hf vakið mikla athygli en á fáeinum árum hefur verið byggt upp fjölbjóðafyrirtæki með starfsemi í um 13 löndum sem veitir riflega 7.000 manns atvinnu. Velta félagsins var um 3 milljarðar kr. þegar Björgólfur Thor og Björgólfur Guðmundsson komu að félaginu sem kjölfestufjárfestar. Áætluð velta Pharmaco samsteypunar árið 2002 er í kringum 25 milljarðar kr. og sjá menn fram á verulegan vöxt á komandi misserum. Hér með fylgir ljósrit úr 9. tbl. 2002 Frjálsrar verslunar þar sem gerð er grein fyrir starfsemi Pharmaco í Búlgariú, merkt fskj. nr. Ú.

Ef óskað er frekari upplýsinga verða þær fúslega veittar.

)  
Virðingarfullst  
F.h. Samson eignarhaldsfélags ehf

---

Þórunn Guðmundsdóttir hrl.